

**Fjármála- og
efnahagsráðuneytið**

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála**
Dagsetning: **01.10.2018**
Málsnúmer: **FJR18080015**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum (verðlagsuppfærsla) - þingskjal 4 - 4. mál.

Minnisblaði þessu er ætlað að koma á framfæri tveimur breytingatillögum dómsmálaráðuneytisins á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991. Breytingatillögum var komið á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið þann 24. september sl. í kjölfar framlagningar ráðuneytisins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóð, en breytingin snýr að verðlagsuppfærslu á flestum þeim gjöldum sem þar má finna.

Fyrri tillaga dómsmálaráðuneytisins lýtur að breytingu á 2. mgr. 19. gr. laganna varðandi innheimtu gjaldanna en þar er talað um að héraðsdómarar séu á meðal þeirra sem innheimta gjöld skv. lögnum. Lagt er til að í stað orðsins „héraðsdómarar“ í 2. mgr. 19. gr. laganna komi orðið „dómstólar“. Ástæðan er sú að í núverandi framkvæmd eru það héraðsdómstólar, Hæstiréttur og nú Landsréttur sem innheimta gjöld samkvæmt lögnum.

Seinni tillaga dómsmálaráðuneytisins lýtur að breytingu á 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna varðandi útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18 – 66 ára. Lagt er til að bætt verði við nýjum staflið (e-lið) svohljóðandi: „Útgáfa vegabréfa fyrir útlendinga og ferðaskilríkja fyrir flóttamenn fer skv. 2. tölul.“ Ástæðuna fyrir þessari breytingu má rekja til þess að skv. 3. mgr. 1. gr. laga um vegabréf, nr. 136/1998, gefur Útlendingastofnun út vegabréf fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn, en lagastoð fyrir þessari gjaldtökuheimild virðist skorta. Þar sem umrædd vegabréf og ferðaskilríki fyrir útlendinga gilda einungis í tvö ár, á meðan t.d. almenn vegabréf fyrir einstaklinga á aldrinum 18 – 66 ára gilda í tíu ár, þykir rétt að fjárhæð gjaldsins verði ákvörðuð á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 14. gr., sem leiðir til þess að gjaldið verður lægra en almenna gjaldið skv. 1. tölul. sömu málsgreinar.